

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 8. júní 2023 í máli nr. 90/2022

Kærunefndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 15. október 2022 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur sig hafa greitt að fullu fyrir þjónustu varnaraðila og krefst þess að reikningur varnaraðila, dags. 16. september 2022, verði felldur niður.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfi, dags. 7. nóvember 2022, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Boðið var ítrekað með ábyrgðarbréfi þann 9. nóvember 2022, sem mótttekið var f.h. varnaraðila 12. desember 2022. Varnaraðili óskaði tvívegis eftir fresti til að leggja fram andsvör í málinu og var frestur í síðara skiptið veittur til 1. mars 2023. Nefndinni hafa hins vegar ekki borist andsvör varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, staðfesting á greiðslu sóknaraðila til varnaraðila, afrit af skriflegum samskiptum aðila og reikningar, dags. 31. ágúst og 16. september 2022.

Með bréfi, dags. 7. júní 2023, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Í kvörtun sóknaraðila kemur fram að hún óskaði eftir þjónustu varnaraðila við að smíða pall við fasteign sína í júlí 2020. Að sögn sóknaraðila hafi aðilar gert með sér munnlegt samkomulag um verkið og varnaraðili nefnt að kostnaður við það yrði á bilinu 800.000 til 900.000 krónur. Sóknaraðili kveðst hafa greitt varnaraðila alls 800.000 krónur í þremur greiðslum í júlí 2020 og hafi sóknaraðili litið svo á að verkið væri fullgreitt. Þann 31. ágúst 2022 barst sóknaraðila reikningur að fjárhæð 1.706.240 krónur frá varnaraðila en tilgreint var í reikningnum að hann væri vegna smíðavinnu varnaraðila. Þann 16. september 2022 felldi varnaraðili niður framangreindan reikning og sendi sóknaraðila nýjan reikning að fjárhæð 906.240 krónur.

Sóknaraðili kveðst hafa reynt að ná í fyrirsvarsmann varnaraðila símleiðis vegna greiðslukröfunnar án árangurs. Sóknaraðili hafi sent varnaraðila tölvupóst með kröfu um niðurfellingu reiknings dags. 16. september 2022. Þá hafi sóknaraðili jafnframt bent varnaraðila á að umsömdu verki væri ekki lokið þar sem varnaraðili hafi ekki fjarlægt steinhnullung af lóð sóknaraðila sem aðilar hafi samið um að varnaraðili myndi gera.

IV Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka hjá nefndinni og hefur hvorki skilað inn andsvörum né gögnum. Byggir niðurstaða málsins því á þeim upplýsingum og gögnum sem sóknaraðili hefur lagt fram í málinu.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.) taka lögin til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

1. vinnu við lausafjármuni,
2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,
3. geymslu á lausafjármunum,
4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.

Sú þjónusta sem varnaraðili framkvæmdi fól í sér smíði á palli við fasteign sóknaraðila og fellur undir gildissvið laga nr. 42/2000 um þjónustukaup, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna.

Af gögnum málsins verður hvorki ráðið að aðilar hafi samið fyrirfram um að hið umbeðna verk yrði unnið samkvæmt tímagjaldi né hver heildartími verksins yrði. Sóknaraðili byggir hins vegar á því að varnaraðili hafi veitt henni þær upplýsingar í aðdraganda verksins að kostnaður vegna þess yrði á bilinu 800.000 til 900.000 krónur. Engin skrifleg staðfesting er þó til staðar fyrir þeirri áætlun á kostnaði sem sóknaraðili segir varnaraðila hafa gefið upp.

Í málinu liggur fyrir að sóknaraðili greiddi varnaraðila alls 800.000 krónur vegna verksins í þremur millifærslum inn á reikning varnaraðila í júlí 2020. Rúmum tveimur árum síðar gaf varnaraðili síðan út reikning á hendur sóknaraðila vegna pallasmíðinnar að fjárhæð 1.706.240 krónur. Samkvæmt lýsingu í þeim reikningi var hann útgefinn vegna „Smíðav“. Í honum var krafist greiðslu fyrir alls 172 vinnustundir og uppgæfið tímagjald var að fjárhæð 8.000 krónur auk virðisaukaskatts. Enga tilgreiningu á efniskostnaði var að finna í reikningnum. Þann 16. september 2022 lækkaði varnaraðili kröfu sína á hendur sóknaraðila í 906.240 krónur. Að sögn sóknaraðila hefur varnaraðili enga skýringu gefið á reikningi dags. 16. september 2022 þrátt fyrir ítrekaðar óskir hennar þess efnis.

Ákvæði 29. gr. þkpl. tekur til þeirra aðstæðna þegar seljandi þjónustu hefur látið neytanda verðáætlun í té en þá má verð fyrir þjónustuna ekki fara verulega fram úr þeirri áætlun. Við mat á því hvort verð hafi farið verulega fram úr áætlun ber, samkvæmt athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi til þkpl., að líta til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur veitt neytanda um það hvort verðáætlunin muni standast, tegund þjónustunnar og venju í þjónustugreininni. Ef seljandi hefur skýrt neytanda frá því að um lauslegt mat sé að ræða hefur það áhrif. Ef seljandi hefur látið í té verðáætlun sem er byggð á ákveðnum skilyrðum verða fyrirvarar hans einnig lagðir til grundvallar. Í þessu samhengi verður að hafa í huga að varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka hjá kærunefndinni og hefur því hvorki komið á framfæri sjónarmiðum sínum né gögnum. Með hliðsjón því leggur kærunefndin til

grundvallar frásögn sóknaraðila um að heildargreiðsla fyrir verkið hafi átt að nema 800.000-900.000 krónum og verður þá byggt á því að um verðáætlun hafi verið að ræða í skilningi 29. gr. þkpl. Endanleg greiðslukrafa varnaraðila var hins vegar 1.706.240 krónur og var hún send sóknaraðila rúmum tveimur árum eftir að varnaraðili innti þjónustu sína af hendi. Hefur varnaraðili engar skýringar gefið sóknaraðila á reikningi þessum. Liggur fyrir að sóknaraðili greiddi varnaraðila 800.000 krónur í júlímánuði 2020 án þess að reikningur væri gefinn út fyrir þeirri fjárhæð. Endanleg greiðslukrafa varnaraðila var því tæplega tvisvar sinnum hærrí en hámark verðáætlunar varnaraðili gerði ráð fyrir. Verður ekki annað séð en að greiðslukrafa varnaraðila hafi farið verulega fram úr áætluninni í skilningi 29. gr. þkpl.

Að öllu framangreindu virtu verður fallist á með sóknaraðila að hún hafi þegar greitt varnaraðila að fullu vegna þjónustu hans. Ber varnaraðila því að fella niður reiknings, dags. 16. september 2022, að fjárhæð 906.240 krónur.

V Úrskurðarorð

Varnaraðila, Y, ber að fella niður kröfu á hendur sóknaraðila, X, dags. 16. september 2022, að fjárhæð 906.240 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða gjald vegna kostnaðar nefndarinnar af meðferð málsins að fjárhæð 35.000 krónur, sbr. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson